

Verkfræðistofa Austurlands ehf  
Sigurður Jónsson,  
byggingafulltrúi  
Hafnargötu 28  
710 Seyðisfjörður

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
16. maí 2011 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. maí 2011  
Tilvísun: UST20110500056/vgh

### Tillaga að deiliskipulagi í landi Stakkahlíðar í Loðmundarfirði

Við er til bréfs Sigurðar Jónssonar Verkfræðistofu Austurlands dags. 5. maí s.l. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að deiliskipulagi í landi Stakkahlíðar í Loðmundarfirði.

Deiliskipulagið tekur til 394m<sup>2</sup> lóðar undir geymslu á jörðinni Stakkahlíð. Setja á niður 2 færanleg smáhýsi við Prestaklif í Stakkahlíðarlandi og nota sem geymslu fyrir farartæki Veiðfélags Loðmundar og Loðmundarfirðinga. Staðsetning er valin þannig að stutt sé í bryggjuna á Klöpp og lendingu í ósi Fjarðará. Samkvæmt 3. kafla í greinargerð aðalskipulags svæðisins er heimilt að reisa stök hús á jörðinni jafnvel þó þau tengist ekki beint búrekstri. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2001-2016.

Vegna staðsetningar nálægt veginum þarf ekki að fara í óþarfa jarðrask með skurðum og vegagerð. Svæðið er þegar raskað frá nýrri tíma þ.e. framræsluskurður vegna vegagerðar og vegur F496. Einnig verulegt jarðrask við Sneiðing niður að Ósnum á móts við Austurmörk lóðar. Vatn verður tekið úr skurði í brekku ofan við lóðina, frárennsli verður tengt rotþró, en ekkert rafmagn er á svæðinu. Allt sorp sem til fellur verður flutt á sorpmóttökustaði á Borgarfirði í samræmi við reglur um flokkun og mögulega endurvinnslu.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er á náttúruminjaskrá auk þess sem svæðið nýtur hverfisverndar skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins. Möguleg neikvæð umhverfisáhrif eru fyrst og fremst sjónræn þar sem mannvirkin verða áberandi rétt við aðalleið ferðamanna inn í fjarðarbotn. Helsta mótvægisáðgerð felst í því að hafa litaval útveggja í jarðlitum þannig að hús falli að umhverfinu. Svæðið er á náttúruminjaskrá nr. 607 er þar segir: „Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri, Borgarfjarðarhreppi, Seyðisfjarðarkaupstað, N-Múlaslýslu. (1) Svæði frá Hrafnabjargi norðan Brúnavíkur og Fjallshnaus sunnan Loðmundarfjarðar, þá ráða hreppamörk á Brimnesfjalla að Grýtukolli suður með Grýtuá. Vestdalur, Hrutahjalli, norðureggjar Bjólfs og þaðan sýslumörk norður að Hvannastóðseggjum. Vatnaskil ráða mörkum frá Hrafnabjargi.

(2) *Viðlent og fjölbreytt svæði með litríkum bergmyndunum svo sem líparíti. Fjölskrúðugur og sérstæður gróður og grösug dalverpi norðan undir Bjólfi og eyrar með minjum um byggð.*“ Náttúrufar svæðisins er að mati Umhverfisstofnunar mjög sérstakt auk þess að hafa mikið útivistargildi. Stefna stjórnvalda um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi sem nefnist „*Velferð til framtíðar*“ fjallar m.a. um að tekið skuli tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Loðmundarfjörður sem heild er sérstakur á svæðis-, land- og heimsvísu. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að fella umrædd mannvirki eins vel að landi og hægt er til að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra og áhrifum á landslag. Að framansögðu er það álit Umhverfisstofnunar að umrædd mannvirki muni ekki hafa veruleg áhrif á verndargildi svæðisins en ítrekar þó nauðsyn þess að mannvirkin verði felld að landi eins og kostur er og vandað verði til alls frágangs.

Virðingarfyllt



Hjalti J. Guðmundsson  
sviðsstjóri



Vilborg G. Hansen  
sérfræðingur